



Safnaðarblað Glerárkirkju

3. tbl. 15. árg.

Desember 2002

Glerárkirkja

10
ára



Gleðileg
jól!

- *Sigur lífsins* -

Sérhvert barn, sem í heiminn fæðist er sigurður lífsins frá skaparamum kominn til okkar. Í sakleysi þess ma sjá endurskin himneskrar fegurðar. Þetta fáum við skynjað í hjörtum okkar þott við skiljum það ekki til fulls.

Eins er með boðskap jólanna. Við skynjum lengra og dýpra en við skiljum. Höfundur lífsins sjálfur vitjaði mannanna með sérstökum hætti er Jesus Krístur fæddist í Betlehem fordum og var lagður í jötu. Hann kom í þennan heim til að flytja sig-urðinn mesta. Allt frá fæðingu til Golgata var vegferð hans ein samföld sigurganga. A krossinum var sigurinn hulinn en í upprisunni opinberaðist hann. Því eru jólum okkur í senn há og djúp. Barnið sem fordum fæddist í Betlehem og var látið heita Jesus (- orðið Jesús merkir Guð bjargar), vitjar mannanna enn. Og hann vill vitja þín um þessi jól og fara þér sigur lífsins - sigur karleikans og ljóssins.

Þennan boðskap bera jólín með ser til þín og allra sem við því vilja taka. Barnið saklusa sem í jótunni lá lykur upp hjör-

um mannanna og á krossinum lýkur hann sömuleiðis upp gáttum himnanna. Þar breiðir hann út armana og segir - „Komid til mí...“ og hann segir - „...verið bugbraust ég bef- sigurð heiminn“.

Allur boðskapur fagnaðarcrindisins fylgir jölaguðspjallini. Hann er ein samofin hlild og ber ávalt að lesa og skilja í sinu heildarsamhengi. Gleðibóðskapurinn um Kríst og sérhver hætið kirkjunnar boða sigur Guðs og björgun. Því eru jólín okkur í senn há og djúp. Barnið sem fordum fæddist í Betlehem og var látið heita Jesus (- orðið Jesús merkir Guð bjargar), vitjar mannanna enn. Og hann vill vitja þín um þessi jól og fara þér sigur lífsins.

Guð gefi þér og fjölskyldu þinni gleðilega jölahátið.

Fr Gunnlaugur Gardarsson,
seðknarprestur

Frá sóknarnefnd: Tíu ára vígsluafmæli Glerárkirkju

Undanfarna mánuði hafa meiri umsvif verið hjá sóknarnefnd Lögmannshlíðarsóknar en endranær og fyrir því eru nokkrar ástæður. Við vígslu kirkjunnar fyrir tíu árum var verkefninu ekki að fullu lokið. Bygging kirkjunnar var viðmikið verkefni og því var nauðsynlegt að gera hlé á frekari framkvæmdum meðan jafnvægis yrði leitað að nýju í rekstri - og það hefur tekist. Fjölgun í sókninni hefur verið hröd og meðalaldur sóknarbarna hér er lægri en víðast annars staðar. Þetta allt kallar á aukið starf í kirkjunni sem aftur knýr á um breytingar á aðbúnaði og þjónustu og eru sumar þeirra fyrir margt löngu orðnar tímabærar. Á síðastliðnu vori var því afráðið að hefjast handa að nýju við þær brýnu framkvæmdir sem fyrirliggjandi voru. Jafnframt var stefnt að því að ljúka þessum verkum fyrir tíu ára afmæli kirkjunnar annan sunnudag í aðventu næstkomandi og hefur það allt gengið eftir. Hér verður stuttlega greint frá þessum verkum.

Byggingu klukknaportsins var ekki að öllu lokið og viðkvæmur búnaður klukkanna var því óvarinn. Við svo búið mátti ekki lengur standa þar sem frekari bið á frágangi gæti skaðað klukkuverkið. Nú hefur verið byggt þak yfir klukknapiroð, eins og upphaflega var ráðgert.

Eins og kirkjugestir hafa séð á myndum í anddyri kirkjunnar er ráðgert að steint gler verði sett í glugga kirkjuskipis-



Drög að tillögum um suðurglugga.

ins. Glerverk þetta er mikið listaverk en höfundur þess er himm viðkunni listamaður Leifur Breiðfjörð. Fyrsti hluti verksins er nú tilbúinn og er um að ræða gluggann yfir anddyri á vesturhlið, sem jafnframt er stærsti gluggi kirkjunnar. Kvenfélagið Baldursbrá hleypti þessu verki af stað í samráði og samvinnu við sóknarnefnd og sóknarprest. Þar sem um viðamikið verk er að ræða var í fyrstu gert ráð fyrir að báðir aðilar leystu þetta verk sameiginlega en svo skórulega hafa kvenfélagskonur starfað og safnað að nú blasir við sú staðreynd að þær munu sjálfar leysa allt þetta verk af hendi. Það má hafa mörg orð um stuðning og velvild kvenfélagskvenna

til kirkju og sóknar allt frá stofnun prestakallsins en hér er sannarlega brotið í blað. Unnið er nú að uppsetningu glerverksins og verður gjöfin formlega afhent og helguð við hátiðamessu í tilefni afmælis kirkjunnar þar sem biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, mun vígja nýja kapellu kirkjunnar og ný þjónustuálmá verður tekin í notkun. Seint verður fullþakkaður sað hugur sem kvenfélagskonur hafa sýnt kirkjuni allt frá upphafi og fáheyrir er um slíkt framtak sem þetta. Sóknarnefnd Lögmannshlíðarsóknar færir Kvenféluginu Baldursbrá innilegar þakkir og biður þeim Guðs blessunar um ókomna tíð.

Af tilefni gjafar kvenfélagsins er jafnframt rétt að geta þess að daginn fyrir hátiðarmessuna, laugardaginn 7. desember kl. 14:00, verður opnuð sýning á verkum listamannsins, Leifs Breiðfjörð, í anddyri kirkjunnar. Yfirskrift sýningarinnar er „Sigur lífsins“ og samanstandur hún af röð 15 myndverka sem tengjast þessu tema. Við það taekifærir mun Pétur Pétursson (Sigurgeirssonar biskups), professor við Guðfræðideild Háskóla Íslands, flytja erindi um efnið: Trúin og listin.

Enn skal vikið að framkvæmdum við kirkjuna. Suðuráalma kirkjunnar sem um



Drög að tillögum um glugga.

Frá Kvenféluginu

Nú er aðventan hafin með þeirri tilhlökkun og eftirvæntingu sem hana einkennir. Aðventa merkir koma og er undirbúningstími. Við undirbúum okkur fyrir komu Jesú Krists. Það má ef til vill líkja síðastliðnu ári hjá okkur kvenfélagskonum við aðventu, það er tilhlökkun og undirbúning fyrir komu. Í okkar tilviki var það koma gluggans, sem við erum búnar að vera safna fyrir síðastliðin 8 ár, eða allt frá því að félagskonur stofnuðu sjóð í minningu **Judithar M Sveinsdóttur** við fráfall hennar 14. ágúst 1994. Nú síðustu ár undir heitinu „Söfnun fyrir steindum glugga“. Allt hefur þetta gerst með miklu meiri hraða en okkur óraði fyrir í upphafi, og er það ekki einvörðungu okkar verk í kvenféluginu, heldur einnig

Baldursbrá

allra þeirra sem sýnt hafa stuðning í öllum okkar verkum í gegnum tíðina, öðruvísi hefði þetta ekki tekist. Við þökkum af alhug öllum þeim, sem lögðu söfnuninni fyrir steindum glugga lið.

Þann 8. desember munum við afhenda Glerárkirkju að gjöf glerlistaverk í glugga eftir Leif Breiðfjörð, við hátiðlega athöfn í Glerárkirkju. Ég vil óska öllum sóknarbörnunum til hamingju með 10 ára vígsluafmæli kirkjunnar, nýja kapellu, steindan glugga og lokafrágang á þjónustuálmu. Guð blessti okkur öll og gefi gleðilega og friðsæla jólahátið.

Sigurveig S. Bergsteinsdóttir,
formaður

skeið var í leigu Síðuskóla hefur nú verið innréttuð sem þjónustuálma kirkjunnar eins og upphaflega var ráðgert og áður er getið. Tímasetning bessara framkvæmda nú er því ekki tilviljun ein og ekki eingöngu tengd afmæli kirkjunnar.

Áður er nefnt að sóknarbörnum hefur fjlögað mjög undanfarin ár. Sóknin hefur um langa tið verið meðal þeirra stærstu á landinu þegar lagt er til grundvallar fjöldi sóknarbarna á hvern prest. Skylda kirkjunnar við sóknarbörn um hvers kyns þjónustu hefur því eðlilega aukist og höfum við fullan metnað til að mæta þeim þörfum og skyldum. Í þessu sambandi má



Glugginn góði - gjöf kvenfélagsins

nefna að í undirbúnungi hjá sóknarnefnd er að ráða djákna til starfa með áherslu á aukið barna- og ungleingarstarf innan sóknarinnar. Ráðning djákna til kirkjunnar er fyrir löngu orðin tímabær en þróngur hagur sóknarinnar hefur ekki leyft það fyrr. Biðlund sóknarprests okkar vegna þessa er við brugðið. Þá hefur þess lengi verið beðið með óþreyju að aðstoðarprestur verði ráðinn til sóknarinnar. Líkur eru nú taldar á að úr þessu muni rætast innan tíðar - jafnvel innan eins árs, ef vel tekst til.

Nýjum starfskröftum og aukningu í þjónustu kirkjunnar verður að skapa sæmandi starfsaðstöðu. Vegna alls þessa afreð Sóknarnefnd að ráðast í frágang þjónustuálmunnar sem fyrr er sagt frá. Í álmunni verða skrifstofur presta, djákna, organista og umsjónarmanns, aðstaða fyrir Kór Glerárkirkju, umsjónarmanna ýmissa þátta kirkjustarsins, fundaraðstaða, kaffi- aðstaða starfsfólks, að ógleymdi kapellunni, sem fyrr er getið. Sóknarnefnd hefur tekist að ljúka þessum viðamiklu framkvæmdum í einum áfanga og kemur þar til veglegur stuðningur og velvilji eins sóknarbarns, sem nefna ber sérstaklega og þakka, en kirkjuni var ánaður veglegur hluti úr dánarbíu hennar. Þessi mæta



Ásrún Pálsdóttir,
fædd 30. janúar 1913, dáin 14. júlí 2001.

kona var Ásrún Pálsdóttir, sem bjó hér í Glerárhverfi mestan hluta síns lífs eftir að hún flutti hingað til Akureyrar. Hún var mikill velunnari kirkjunnar og vildi veg hennar sem mestan. Fyrir hönd sóknarnefndar og allra sóknarbarna vottum við minningu hennar virðingu með þakklæti í huga.

Auk þessa er tilhlýðilegt að geta þess hér að sóknin hefur notið styrks og hvatningar kirkjufyrvalda í hvívetna á undanförnum árum og ber að þakka það sérstaklega. Þá ber einnig að þakka öllum starfsmönnum kirkjunnar þolinmæði þeirra um langa hríð. Síðast en ekki síst ber að þakka umsjónarmanni kirkjunnar, Sverri Pálmasoni, en hann hefur haft umsjón með öllum framkvæmdum og stýrt þeim af dugnaði og útsjónarsemi.

Með þessu starfi kemur fram vilji sóknarnefndar og annarra velunnara,

arnefndar og starfsmanna kirkjunnar til að bæta öll ytri skilyrði við kirkjuna til að styrkja og efla safnaðarstarf sóknarbörnum til heilla.

Sóknarnefnd verður ekki verkefnalaus þegar þessum framkvæmdum lýkur. Fram undan er gerð áætlana um að ljúka við gerð annarra steindra glugga sem áformadir eru og stefna að kaupum og uppsetningu á veglegu pípuorgeli þegar aðstæður leyfa. Það þarf ekki frjótt ímyndunarafl til að sjá fyrir sér þá eðlisbreytingu sem verður á kirkjUNNI okkar þegar þeim verkum lýkur. Það er tilhlökkenarefni að takast á við slík viðfangsefni, ekki síst þegar sóknarnefnd finnur allan þann velvilja og stuðning sem sóknarbörn, einstaklingar, félög og stofnanir hafa sýnt þessum helgidómi.

Með þessum orðum er látið staðar numið í frásögn um helstu störf sóknarnefndar að undanförnu með þeiri ósk að kirkjan megi áfram njóta sterks stuðnings sóknarbarna sem og annarra velunnara, sem vissulega eru fjölmargir.

Sóknarnefnd Lögmannshlíðarkirkju óskar öllum sóknarbörnum til hamingju með framangreinda áfanga kirkjunnar og biður að Guð gefi öllum gleðirík jól og farsælt komandi ár. Megi boðskapur jólanna færa öllum frið og sanna gleði.

Eh. sóknarnefndar
Lögmannshlíðarsóknar,
Jónas Karlesson, formaðu



Glaðir gjafarar!

Á þessari mynd af „*Opnu húsi fyrir foreldra og börn*“ má sjá þátttakendur virða fyrir sér nýja kertastjaka kirkjunnar, sem ungar mæður í sókninni söfnuðu fyrir. Auk þessa söfnuðu umsjónarmenn *Opna hússins*, þær Pia Maud Petersen og Anna Egilsdóttir fyrir stafrænni ljósmyndavél ásamt meðfylgjandi forriti, sem koma munu að góðum notum í safnaðarstarfinu. Fyrir þetta góða framlag ber okkur að þakka.

Athafnir á aðventu, um jól og áramót

7. desember: Opnum sýningarinnar: „Sigur lífsins“

- myndlistarverk Leifs Breiðfjörð, kl. 14.00

Prófessor Pétur Pétursson flytur fyrirlestur:
„Listin og trúin“ - Tónlist og léttar veitingar

8. desember:

Tíu ára vígsluafmæli Glerárkirkju

● Barnasamvera kl. 11.00

● Vígsla kapellu og hátíðarmessa kl. 14.00

Kvenfélagið Baldursbrá afhendir steindan glugga, sem helgaður verður við messuna.

Herra Karl Sigurbjörnsson, biskup, vígir kapellu og predikar.

Kór Glerárkirkju syngur

Einsöngur: Sigrún Arna Arngrímsdóttir, mezzo-sópran

Orgel: Eyþór Ingi Jónsson

Organisti: Hjörtur Steinbergsson

Ath: Léttar veitingar eftir messu.

15. desember:

● Barnasamvera og guðspjónusta kl. 11.00

Kór Menntaskólangs á Akureyri syngur

Stjórnandi: Erla Þórlfsdóttir

Aðventukvöld kl. 21.00

Ræðumaður: Einar Karl Haraldsson, stjórnarformaður

Hjálparsstarfs Kirkjunnar

Barnakór Glerárkirkju og Kór Glerárkirkju syngja

Stjórnendur: Björn Þórarinsson og Hjörtur Steinbergsson

19. desember:

● Samvera eldri borgara kl. 15.00


Gestur samverunnar verður Hannes Sigurðsson, forstöðumaður Listasafnsins á Akureyri, og fjallar hann um efnið: „Ævintýri listarinnar“

Að venju verður helgistund, tónlist og léttar veitingar.

21. desember:

● Jólatónleikar Kórs Glerárkirkju kl. 17.00

Einsöngur: Alda Ingbergsdóttir, sópran



Orgel: Eyþór Ingi Jónsson

Stjórnandi: Hjörtur Steinbergsson

22. desember:

Barnasamvera kl. 11.00

24. desember: Aðfangadagur jóla

● Aftansöngur kl. 18.00

Einsöngur: Björg Þórhallsdóttir, sópran

Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja

Organisti: Hjörtur Steinbergsson

Lúðrasveit Akureyrar leikur í forkirkju frá kl. 17.30

● Miðnæturmessu kl. 23.30

Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja

Organisti: Hjörtur Steinbergsson

25. desember: Jóladagur

● Hátiðarguðspjónusta kl. 14.00

Sr. Guðmundur Guðmundsson þjónar

Kór Glerárkirkju syngur

Einsöngur: Örn Viðar Birgisson, tenór

Organisti: Hjörtur Steinbergsson

26. desember: Annar dagur jóla

● Fjölskylduguðspjónusta kl. 14.00

Barnakór Glerárkirkju syngur

Stjórnandi: Björn Þórarinsson

31. desember: Gamlársdagur

● Aftansöngur kl. 18.00

Séra Haukur Ágústsson prédikar

Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja

Organisti: Hjörtur Steinbergsson

1. janúar 2003: Nýársdagur

● Hátiðarmessa kl. 16.00

Einsöngur: Michael Jón Clarke, bariton

Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja

Organisti: Hjörtur Steinbergsson

Munið! Opið hús fyrir foreldra og börn alla fimmtudaga kl. 10-12 • Kyrrðar- og tilbeïðslustund alla þriðjudaga kl. 18.00 • Hádegissamveru alla miðvikudaga frá kl. 12-13.

Viðtalstími sóknarprests

sr. Gunnlaugs Garðarssonar er í kirkjunni á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 16.30-17.30 og á miðvikudögum og föstudögum kl. 11-12 og eftir samkomulagi.

Síminn í kirkjunni er **462 7575**, heimasími **462 7676** og farsími **864 8455**. Netfangið er srgunnlaugur@simnet.is

Starfsmenn við Glerárkirkju:

Umsjónarmaður er Sverrir Pálason. Hann er við daglega kl. 11-16. Sími **461 2391**. Heimasími hans er **462 2491**.

Organisti er Hjörtur Steinbergsson. Viðtalstímar eru í Glerárkirkju á þriðjudögum og miðvikudögum kl. 11-12. Sími **461 2391 & GSM 862 2316**

Kirkjuvörður er Bertha Bruvík

Heimasími hennar er **865 4556**.

Ráðskona í eldhúsi er Pórhildur Þórhallsdóttir.

Heimasími hennar er **462 4258 & GSM 862 4258**.



Ábyrgðarmaður: Sr. Gunnlaugur Garðarsson • Uppsetning: ghs • Prentvinnsla: Alprent.